

Peningaþvætti

Váþættir í starfsemi lögmanna



RÍKISSKATTSTJÓRI

Hvað er peningabætti?

Í peningabætti felst það athæfi þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutning ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningabættis?

Frumbrot eru þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningabættis geta falist í nær öllum brotum á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningabættis eru fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

Hvað er sjálfþvætti?

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða. Sjálfþvætti getur varðað allt að 6 ára fangelsi skv. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

Viðurlög

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga um peningabætti geta varðað allt að 6 ára fangelsi sé um

ásetning að ræða og allt að 6 mánaða fangelsi sé brot framið af gáleysi, sbr. 4. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar. Sé um ávinning af fíkniefnabroti að ræða getur refsing numið allt að 12 ára fangelsi samkvæmt 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Refsað er samkvæmt almennum hegningarlögum fyrir brot gegn 264. gr. sem framið er innan íslenska ríkisins, enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafi frá hafi verið framið erlendis, og án tillits til hver var valdur að því.

Fjármögnun hryðjuverka varðar allt að 10 ára fangelsi samkvæmt 100. gr. b almennra hegningarlaga.

Hvað eru hættumerki?

Ýmsar aðferðir og hættumerki (e. red flags) eru þekkt við að þvætta fé, m.a. út frá dómaframkvæmd, fræðiritum og leiðbeiningum ESB og FATF. Jafnframt hefur það sýnt sig að ýmsir veikleikar eru í starfsemi lögaðila hvað viðkemur hættu á að starfsemin sé notuð við að þvætta fé. Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að tilkynna öll grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, að eigin frumkvæði, og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar. Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði greinarinnar um grun. Með grun er hér ekki gerð jafn ítarleg og afdráttarlaus krafa og almennt gildir í réttarfari um rökstuddan grun. Væri í þessu sambandi nægjanlegt að grunur kviknaði um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttseminar hvort sem sá grunur reynist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum eður ei.

Hér á eftir eru nefnd dæmi um hættumerki er tengjast peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Það skal athugast að þessi dæmi eru einungis til viðmiðunar og alls ekki tæmandi. Þrátt fyrir að eitthvað af eftirfarandi hættumerkjum eigi við getur það átt sér eðlilegar skýringar. Tilkynningarskyldir aðilar skulu því meta áhættu með heildrænum hætti þar sem eitt hættumerki á ekki að færa viðskiptavin upp eða niður um áhættuflokk.

Hvað er ólögmætur ávinningur?

Með ólögmætum ávinningi er átt við þann hagnað sem aðili hefur haft af broti.

Hættumerki varðandi ólögmætan ávinning

- Framkvæmd viðskipta er óvenjuleg, t.d. lán gerð upp fyrir en samið hefur verið um.
- Fjármunir koma frá þriðja aðila.
- Viðskipti gerð fyrir hönd margra aðila sem ekki koma fram í eigin persónu.
- Þátttaka þriðju aðila í fjármögnun án þess að þeir hafi bein tengsl við viðskiptin eða að lögmætar skýringar séu gefnar á þátttöku þeirra.
- Fjármunir stafa frá aðilum sem reka starfsemi þar sem mikið er um reiðufjárviðskipti.
- Sömu aðilar koma að ítrekuðum fasteignaviðskiptum á skömmum tíma.
- Ítrekuð endursala eigna þar sem andlagið hækkar alltaf í verði.
- Viðskiptamaður skiptir ítrekað um lögmannsstofu án sérstakra ástæðna.
- Viðskiptamaður afhendir gölluð, röng eða fölsuð gögn.
- Viðskiptamaður notar bankareikninga í áhættusömu ríki eða ríkjum með háa bankaleynd eða lítið gagnsæi.
- Eignarhald er óþarflega flókið, t.d. mörg félög eða erlendir aðilar.
- Uppruni fjármagns kemur erlendis frá og ekki eru augljós tengsl milli viðskiptamanns og viðkomandi ríkis.
- Aðilar sem tengjast viðskiptunum hafa tengsl við fíkniefnaviðskipti.

Þjónusta lögmanna sem fellur undir lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Lögmenn og aðrir lögfræðingar falla undir gildissvið laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. m-lið 1. mgr. 2. gr. laganna þegar þeir:

- Sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum.
- Aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja.
- Sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns.
- Opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfa-reikningum.
- Koma að öflun, skipulagningu eða umsjón með framlögum til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum.
- Aðstoða við stofnun, rekstur eða stjórnun fyrirtækja, fjárvörslusjóða eða annarra sambærilegra aðila.

Misnotkun á þjónustu lögmanna

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að brotamenn leita eftir þjónustu lögmanna til að þvætta ávinning ólögmastrar starfsemi, bæði vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem lögmenn bjóða upp á og eins til þess að ljá viðskiptum sínum lögmaeta ásýnd.

Þekktar aðferðir við misnotkun á þjónustu lögmanna eru:

- Misnotkun á vörslureikningum.
- Kaup á fasteignum.
- Stofnun fyrirtækja, fjárvörslusjóða eða sambærilegra aðila.
- Stjórnun fyrirtækja, fjárvörslusjóða eða sambærilegra aðila.

Helstu frumbrot

Ávinningur sem brotamenn þvætta með því að misnota þjónustu lögmanna stafar helst frá:

- Skattsvikum.
- Fjársvikum.
- Fíkniefnabrotum.
- Öðrum óþekktum brotum þar sem viðkomandi aðilar hafa yfir að ráða fjármunum sem eru ekki í samræmi við tekjuöflun þeirra.

Aðkoma lögmanna að peningaþvætti

Lögmenn kunna ómeðvitað að vera þátttakendur í peningaþvætti viðskiptamanna sinna þar sem engin skýr hættumerki eru til staðar um peningaþvætti eða að viðskiptamaður veitir, að því er virðist, eðlilegar skýringar á viðskiptum sínum og uppruna fjár. Í öðrum tilvikum kunna skýr hættumerki að vera til staðar en vegna skorts á þekkingu eða aðferðum eru slík hættumerki ekki greind. Að lokum kunna þær aðstæður að vera til staðar að lögmaður greini hættumerki en leiði þau hjá sér eða að lögmaður sé viljugur þátttakandi í peningaþvætti viðskiptamanns.

Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Fáar tilkynningar hafa borist til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu frá lögmönnum sem gefur til kynna skort á áhættuvitund innan lögmennastéttarinnar, sem kann að leiða af því að fylgni lögmanna við peningaþvættislög hefur hingað til ekki sætt eftirliti og hafa lögmenn þar af leiðandi ekki hlotið fræðslu eða endurgjöf frá eftirlitsaðila.

- Lögmönnum ber að tilkynna til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um öll viðskipti þar sem grunur vaknar um að fjármuni megi rekja til refsiverðrar háttsemi.

Vörslureikningar

Vörslureikningar lögmanna geta verið misnotaðir með ýmsum hætti:

- Þeir geta verið notaðir sem fyrsta skref í því að ljá ólög-mætum ávinningi lögmæta ásýnd.
- Þeir veita aðgang að fjármálakerfinu án þess að vekja upp grunsemdir hjá fjármálafyrirtækjum.
- Þeir geta verið notaðir til að aðstoða við að dylja eignar-hald á ólögmetum ávinningi.
- Þeir geta verið notaðir sem þáttur í flóknari aðferðarfræði við að þvætta fjármuni, svo sem við kaup á fasteignum, stofnun fyrirtækja eða fjárvörslusjóða o.fl.

Aðferðir

Aðferðir sem brotamenn nota við misnotkun á vörslureikningum lögmanna geta verið margskonar og geta m.a. falið í sér:

- Beiðni um að millifæra fjármuni inn á vörslureikning lögmanna án þess að lögmansþjónusta sé veitt.
- Viðskiptum komið á og horfið frá þeim.

Hættumerki varðandi viðskiptavini

- Viðskiptavinur forðast persónuleg samskipti án þess að til staðar séu réttmætar ástæður.
- Viðskipti eru óvenjuleg með tilliti til aldurs viðskiptavinar.
- Viðskiptavinur veitir ófullnægjandi eða rangar upplýsingar um viðskipti, tilgang þeirra eða uppruna fjármuna.
- Viðskiptavinur er þekktur brotamaður.
- Viðskiptavinur hefur stöðu sakbornings hjá lögreglu.
- Viðskiptavinur eða fjölskylda hans hefur tengsl við þekkt brotamenn.
- Umfang fjármuna / reiðufjár er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu viðskiptavinar, hvort sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða.

- Viðskiptavinur afhendir gölluð, röng eða fölsuð gögn.
- Viðskiptavinur notar milligönguaðila án eðlilegra skýringa.
- Viðskiptavinur er tengdur einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla.
- Aðilinn sem stýrir viðskiptum er hvorki formlegur aðili viðskipta né formlegur fulltrúi.
- Viðskiptavinur er tregur til að veita nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma viðskipti.

Fasteignaviðskipti með aðstoð lögmanna

Fasteignaviðskipti

Fjárfesting í fasteignum er algeng aðferð til að þvætta ólög-
mætan ávinning. Um leið og fasteign, sem keypt hefur verið fyrir
ólögmætan ávinning, er seld hefur ávinningurinn verið þvættur.
Þó svo að lögmenn komi ekki að fjármálahlið fasteignaviðskipta
kann að vera að þeir hafi upplýsingar um fjármögnun viðskipt-
anna sem kunna að vekja upp spurningar eða grunsemdir.
Aðkoma lögmanna að fasteignaviðskiptum kann að reyna á veik-
leika í störfum þeirra og mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um
þær hættur sem kunna að tengjast slíkum viðskiptum.

Aðferðir sem brotamenn nota til að þvætta fé við fasteignakaup geta t.d. verið:

- Tilfærsla fjármuna.
- Ítrekuð endursala eigna.
- Sala eigna til aðila sem hafa tengsl við skipulagða glæpastarfsemi.
- Fasteignir seldar á undir- eða yfirverði.
- Viðskipti á fölsku nafni.
- Viðskipti í gegnum milligönguaðila.
- Viðskipti í gegnum flókið net fyrirtækja.

Stofnun eða stjórnun félaga og sjóða

Það er þekkt aðferð við peningabætti að stofna félög eða sjóði til að dylja uppruna fjár og eignarhald og að fela slóð ólögmarks ávinnings. Það er jafnframt þekkt að fela aðild að rekstri eða félagi með því að skrá aðsetur þess hjá lögmannsstofu og fá aðra aðila til að vera í fyrirsvari þess, t.d. lögmennt.

Aðferðir sem brotamenn nota til að fela slóð ólögmarks ávinnings í gegnum félög eða sjóði eru m.a. að:

- Stofna lögaðila til að dylja eignarhald.
- Stofna flókið net félaga til að dylja slóð fjármuna (e. layering).
- Nota handhafabréf til að dylja eignarhald.
- Stofna fjárvörslusjóði til að dylja slóð fjármuna og eignarhald.
- Skrá aðsetur félags hjá lögmannsstofu.
- Nýta sér þjónustu lögmannna til að sjá um framkvæmdastjórn eða stjórnarsetu í félögum til að ljá félagi lögmeta ásynd eða til að fela eignarhald.

Umsjón með fjármunum viðskiptamanna

Það er þekkt aðferð við peningabætti að þjónusta lögmannna sé meðvitað/ómeðvitað misnotuð þegar þeim er falin umsjón með fjármunum umbjóðenda sinna.

Aðferðir:

- Aðili nýtir sér þjónustu lögmannna til að opna bankareikninga.
- Aðili nýtir sér þjónustu lögmannna til að sjá um verðbréfavíðskipti.
- Lögmaður stofnar bankareikninga fyrir hönd viðskiptavina sinna.

- Lögmaður útvegar viðskiptavini aðra sérfræðinga fyrir aðra þætti viðskiptanna.
- Lögmaður hefur heildarumsjón með málefnum viðskiptavinar.

Hættumerki varðandi raunverulegan eiganda

- Reynt er að dylja raunverulegt eignarhald eða þátttakendur í viðskiptum.
- Raunverulegur eigandi er ekki lögráða.
- Óskað er eftir að stofnað sé til viðskipta, hvort sem er innanlands eða erlendis, þar sem nafn raunverulegs eiganda kemur hvergi fram.
- Flókið net fyrirtækja, hvort sem er innlendra eða erlendra, er notað í viðskiptum.
- Ófullnægjandi upplýsingar eru veittar um þá aðila sem koma að viðskiptum.

Hættumerki í viðskiptum

- Viðskiptamaður óskar eftir óvenjulegum hraða.
- Viðskiptamaður óskar eftir því að lögmannsstofa sjái um að mynda tengsl fyrir hann við fjármálafyrirtæki.
- Viðskiptamaður er reiðubúinn að greiða umbun án þess að lögmannsþjónusta sé veitt.
- Fjármunir eru millifærðir til eða frá áhættusömum ríkjum eða ríkjum með háa bankaleynd eða lítið gagnsæi.
- Þegar um háar fjárhæðir í reiðufé er að ræða.
- Óskað er eftir óútskýrðum breytingum á viðskiptum með stuttum fyrirvara.
- Viðskipti eru óþarflega flókin.
- Fjármunir eru millifærðir til þriðja aðila í andstöðu við samninga eða án haldgóðra skýringa.

- Viðskipti virðast hvorki hafa lagalegan né fjárhagslegan tilgang.
- Andlag viðskipta er verðlagt óvenjulega hátt eða lágt.
- Viðskipti milli sömu aðila fara fram ítrekað á stuttum tíma.
- Einkaútgjöld eru fjármögnuð af fyrirtæki.
- Eiðskipti eru fjármögnuð með óhefðbundnum hætti.
- Háar millifærslur hjá nýstofnuðum fyrirtækjum.
- Einstaklingar eða lögaðilar sem virðast ekki tengjast viðskiptamanni eru þátttakendur í viðskiptum, t.d. með fjármögnun.
- Viðskiptamaður óskar eftir því að fjárhæðum í viðskiptum sé skipt niður þannig að þær séu síður grunsamlegar.
- Óvirkt félag stundar óvenjulega umfangsmiklar fjárfestingar.
- Notast er við flókið net fyrirtækja í viðskiptum.
- Notkun á vörslureikningi án þess að lögmansþjónusta sé veitt.
- Viðskiptavinur hættir við viðskipti ef neitað er að greiðsla vegna þeirra fari til þriðja aðila.
- Viðskipti eru óvenjuleg, t.d. óvenjuflókin uppbygging og/eða fjármögnun.
- Notkun „U-beygju viðskipta“ þar sem fjármunir eru sendir til lögmanna eða annarra lögaðila en síðan sendir aftur til upphaflegs aðila innan skamms tíma.

Varnir gegn misnotkun

- Aukin fræðsla um skyldur lögmanna á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Aukin fræðsla um áhættuþætti í starfsemi lögmanna.
- Eftirlit sem miðar að því að kanna hvort lögmenn framkvæmi áreiðanleikakannanir á viðskiptavinum.
- Eftirlit sem miðar að því að kanna hvort lögmenn tilkynni um grunsamleg viðskipti.
- Eftirfylgni með niðurstöðu eftirlits þannig að gengið sé úr skugga um að bætt hafi verið úr vanköntum í þeim tilvikum þar sem slíkt hefur orðið uppvíst.

Lög og reglur

Þessi bæklingur innifelur einungis stutta kynningu á þeim fjölþættu skyldum sem hvíla á tilkynningarskyldum aðilum varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og er því vísað á ítarlegra efni hér að neðan til frekari kynningar:

<https://www.hersak.is/media/uncategorized/201705160838.pdf>

<https://www.rsk.is/fagadilar/peningathvaetti/>

Lögin: <https://www.althingi.is/lagas/149b/2018140.html>

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/almannaoryggi/adgerdir-gegn-brotastarfsemi/adgerdir-gegn-peningathvaetti-og-fjar-mognun-hrydjuverka/>

Hafðu samband við ríkisskattstjóra ef það eru einhverjar spurningar sem vakna um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Sími: 442 1000

Netfang: peningathvaetti@rsk.is